



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 138/10S6
komudagur 1.2.2010

Dagsetning
01.02.2010

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, mál 320.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar. Umsögn byggir á frumvarpi og fylgigögnum sem lögð hafa verið fyrir Alþingi og umræðum á þingi um frumvarpið í desember 2009.

Frumvarpið felur í sér heimild til að gera sérstakan samning um að tilgreindir aðilar fái heimild til að reisa og reka gagnaver í Reykjanesbæ. Gagnaverið mun skapa umtalsverðan fjölda starfa bæði á byggingartíma og síðar á rekstartíma, á svæði sem hefur glímt við verulegt atvinnuleysi að undanfögnu. Ýmsir staðarkostir eru reksti gagnavera hagstæðir héraendis og má þar nefna vistvæna orku, svalt loftslag, gott aðgengi að kælivatn, staðsetningu landsins, nægjanlegt landrými og góða almenna menntun þjóðarinnar. Þessi skilyrði eru fyrir hendi víðs vegar um land og því gæti starfsemi gagnavera skapað aukna fjölbreytni í störfum víðar á landinu, ef reksturinn reynist hagkvæmur og fleiri gagnaver verða reist. Einnig má nefna að rekstur gagnavera er ekki mengandi starfsemi.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar